

Davíð Rúrik Ólafsson

Kt. 280568-5899

Bústaðavegur 53, 108 Reykjavík
856-1045

davidrurikolafsson@gmail.com



Framboð til aðalstjórnar KSÍ

Ég hef ákveðið að bjóða fram krafta mína í aðalstjórn KSÍ á 73. ársþingi sambandsins þann 9. febrúar næstkomandi.

Ég hef starfað sem sjálfboðaliði í knattspyrnuhreyfingunni í yfir 2 áratugi. Ég hef starfað hjá Knattspyrnufélaginu Víkingi fyrst sem almennur stjórnarmaður, gjaldkeri og formaður barna- og unglingaráðs og síðar sem almennur stjórnarmaður og gjaldkeri hjá meistaraflokki félagsins. Ég hef haft yfirumsjón með mótum á vegum félagsins í hartnær 20 ár, sem mótsstjóri KFC móta, Vodafone móta, Cheerios móta og Arion móta.

Ég hef því mikla innsýn í starf og rekstur knattspyrnufélaga og hef mikinn áhuga á að efla samstarf KSÍ og knattspyrnufélaganna í landinu, auk þess að hafa mikinn áhuga á mótamálum.

Af öðrum sjálfboðaliðastörfum má nefna að ég hef starfað í Lyfjaeftirliti Íslands (áður lyfjaeftirlit ÍSÍ), unnið sem lyfjaeftirlitsaðili á Olympíuleikunum í London 2012, starfað sem skákþjálfari ungmenna og sem landsliðsþjálfari kvennalandsliðs Íslands í skák.

Ég er menntaður og starfa sem lyfjafræðingur og hef mikla reynslu af stjórnunarstörfum hjá innlendum og alþjóðlegum fyrirtækjum. Hef bæði unnið við stjórnunarstörf hjá litlu frumkvöðla fyrirtæki og sem stjórnandi alþjóðlegrar einingar hjá stóru lyfjafyrirtæki. Hef mikla reynslu af að byggja upp og halda utan um starfsmenn og starfsemi í mörgum löndum svo sem Íslandi, Kanada, Englandi, Rússlandi, Mexico, Brasilíu, Argentínu, Indlandi, Ástralíu, Thailandi og Japan.

Menntun

1993-1998 Háskóli Íslands.

MSc próf í lyfjafræði. Lokaritgerð: *Aðgengi lyfja að lyktarsvæði*. Verkefnið var rannsóknarverkefni og unnið á tímabilinu október '97 – maí '98.

1984-1988 Verzlunarskóli Íslands.

Stúdentspróf af stærðfræðibraut.

Námskeið

- *Microsoft Project Comprehensive, 1 dags námskeið* á vegum Horsham Training Centre, London, desember 2017.
- *Stjórnendapjálfun (Executive coaching)* 10 vikna þjálfun á vegum SuTra Coaching, Brussel Belgíu 2016.
- Leiðtogahæfni og leiðtogastílar á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands í janúar 2015.
- Breytingastjórnun 2 daga námskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands 2015
- Stjórnun fyrir nýja stjórnendur á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands 2014
- Fjölmörg námskeið sem tengjast beint starfi í Lyfjaiðnaði

Starfsreynsla

2018 – Clinical and Pharmaceutical Solutions

Framkvæmdarstjóri

Ábyrgur fyrir vinnu við ráðgjöf um framkvæmd klínískra stúdía, ráðgjöf við að koma lyfjum á ýmsa markaði vítt og breitt um heiminn, aðstoð við samkipti við yfirvöld og margt annað í þróun og markaðssetningu lyfja.

2018 – Nepsone ehf

Chief Technology Officer

Ábyrgur fyrir fjárhagsáætlun og framkvæmd klínískra stúdía og utanumhald um þróun lyfjaforma.

2007 - 2018 Actavis Group PTC ehf. / Watson Pharmaceuticals/Allergan LLC/TEVA Pharmaceuticals

Senior Director Clinical R&D Growth Markets

Ábyrgur fyrir fjárhagsáætlun og framkvæmd klínískra stúdía fyrir öll markaðssvæði utan USA og mið Evrópu. Staðsettur á Íslandi og með starfsfólk á Íslandi, Englandi, Kanada, Argentínu, Brasilíu, Mexíco, Thailandi og Japan. Starfið fólst í að hanna klínískar stúdíur, velja og semja við klínískt rannsóknarsetur um kostnað og tímaáætlun. Minn hópur framkvæmdi á bilinu 150 – 200 stúdíur á ári víðsvegar um heiminn. Kostnaður slíkra stúdía er frá 70 þúsund evrum upp í 4-5 milljónir evra hver. Unnið var í nánu samstarfi við lyfjaþróunareiningar alls staðar í heiminum og skráningasvið á hverjum stað fyrir sig. Sat einnig strategíska fundi innan Actavis/TEVA við val á nýjum verkefnum til þróunar.

2005 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Skákkennari

6 vikna verkefni fyrir Þróunarsamvinnustofnun sem fólst í að innleiða skák í skóla norður Namibíu auk þess að þjálfa skáklandslið karla og kvenna.

1998-2013 Háskóli Íslands

Stundakennari og prófdómari

Stundakennari við Lyfjafræðideild og prófdómari í verklegri lyfjagerðarfræði.

1998-2007 Lyfjaþróun hf.

Rannsóknarstofustjóri

Start-up fyrirtæki með 3 starfsmönnum þegar ég byrjaði. Fyrirtækið óx upp í 40 starfsmenn og var keypt af Actavis 2007. Ábyrgður fyrir þróunarverkefnum og starfsfólki á rannsóknarstofu.

Tungumálakunnátta

Ég tala og skrifa ensku mjög vel enda hef ég unnið á ensku nánast allan minn starfsferil. Tala dönsku ágætlega og skil þýsku sæmilega.

Tölvukunnátta

Hef mjög góða kunnáttu í Word, Excel, PowerPoint, Project, Sharepoint og OneNote. Hef grunnþekkingu á SAP.

Áhugamál

Mín helstu áhugamál eru fótbolti, skák, íþróttir og lestur góðra bóka.

Félagsstörf

Ég er formaður lyfjaráðs Lyfjaeftirlits Íslands.

Ég sit í stjórn knattspyrnudeildar Víkings.

Ég sat nokkur ár í stjórn Skáksambands Íslands og hef komið talsvert að þjálfun afreksunglinga og landsliðsfólks.